

Bólusetningar hunda og ormahreinsun.

Ormasýkingar í hundum á Íslandi.

Flestir hundaeigendur gera sér grein fyrir því að iðraormar geta valdið alvarlegum veikindum í hundum þeirra. Helstu einkenni ormasmits eru vanþrif, kyrkingslegur vöxtur og minni mótstaða gegn sjúkdómum.

Iðraormar eru hættulegastir hvolpum og ungdýrum, því mótstaða þeirra er lítil. Með aldrinum mynda dýr mótstöðu gegn iðraormum og sjúkdómseinkennin hverfa að mestu. Fullorðin ormasmituð dýr eru smitberar, sem smitað geta fóstur, hvolpa og önnur fullorðin dýr.

Tvær megin tegundir orma eru í hundum:

a) bandormar, þar sem ígulbandormurinn (sullaveikibandormurinn) er þekktastur. Vegna markvissrar baráttu gegn honum alla síðustu öld er hann nú afar sjaldgæfur og sennilega horfinn.

b) Þráðormar, þar sem hundaspóluormurinn er þekktastur. Þessir ormar eru mjög algengir og því mikilvægt að hreinsa hunda reglulega af þeim.

Hin árlega lögbundna hundahreinsun á Íslandi beinist gegn ígulbandorminum. Lengst af voru notuð við hreinsunina lyf sem eingöngu unnu á bandormum, en hreyfðu lítið við þráðormum.

Á undanförnum árum hefur verið notað samsett lyf, Drontal comp, við hundahreinsunina. Þar með er ekki einugnis verið að fyrirbyggja útbreiðslu ígulbandormsins, heldur fá allir hundar árlega meðhöndlun gegn iðraormum. Það ætti að nægja nema tókum í hvolpaeign og hvolpum þeirra. Rétt meðferð er að gefa tókum ormalyf fyrir þörun, á meðgöngu og með hvolpum þegar þeir eru tveggja vikna. Hvolparnir fá svo ormalyf við u.þ.b. 6 – 8 vikna og 3ja mánaða aldur.

Smitsjúkdómar í hundum á Íslandi.

Á Íslandi voru lengst af engir smitsjúkdómar í hundum og bólusetning hunda óþekkt. Upp úr 1990 bárust smáveirusótt (Parvo) og smitandi lifrabólga (HCC) til landsins. Um er að ræða mjög skæða veirusjúkdóma í meltingarfærum og lifur með hárrí dánartíðni. Fyrirbyggjandi bólusetning er langbesta vörnin gegn þessum sjúkdómum. Með henni hefur dreifingu smitsins um landið verið haldið í lágmarki. Við bólusetninguna er notað tvígilt bóluefni gegn báðum sjúkdómum. Hvolpar eru bólusettir við u.þ.b. 8 vikna aldur og aftur eftir 3 – 4 vikur. Þar sem smitálag er mikið er bólusett í 3ja sinn við u.þ.b. 18 vikna aldur. Þar með er grunnbólusetningu lokið en til að viðhalda fullri mótstöðu er nauðsynlegt að bólusetja einu sinni á ári.

Hundaæði er án efa þekktasti smitsjúkdómur sem kenndur er við hunda. Raunar er það svo að veiran sem veldur honum einskorðar sig ekki við hunda heldur sýkir hvaða spendýr sem er og veldur afar kvalafullum dauða á nokkrum mánuðum. Smit berst með munnvatni, einkum við bit sýktra dýra. Hundaæði hefur aldrei greinst á Íslandi og því full ástæða fyrir okkur að fara varlega við innflutning dýra.

Rúnar Gíslason, dýralæknir.